

Launastefna Reykjavíkurborgar

Markmið Reykjavíkurborgar er að hæfir starfsmenn veljist til starfa hjá stofnunum og fyrirtækjum hennar, þeir uni þar hag sínum og hafi metnað til að takast á við þau verkefni sem bíða úrlausnar. Launastefnu Reykjavíkurborgar er ætlað að styðja við og efla þjónustu borgarinnar að gæðum og skilvirkni. Hún skal taka mið af heildarmarkmiðum borgarinnar og starfsáætlunum stofnana og fyrirtækja. Huga skal sérstaklega að kjörum þeirra sem sinna störfum sem einungis eru á vegum almannaþjónustu sveitarfélaga.

Launaákvæðanir skulu vera gagnsæjar og málefnalegar. Mikilvægt er að laun taki mið af þeim kröfum sem starf gerir til starfsmanns með tilliti til ábyrgðar, álags og sérhæfni. Einnig er mikilvægt að laun taki mið af hæfni og frammistöðu starfsmanna og hvetji starfsmenn til að veita sem besta þjónustu.

Jafnlaunastefna er einn af hornsteinum launastefnu Reykjavíkurborgar. Með því er átt við þá stefnu að greiða starfsmönnum sömu laun fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf. Með þetta markmið í huga var valið starfsmatskerfi með burði til að geta metið á kerfisbundinn hátt þau störf sem starfsmenn borgarinnar vinna. Þá hefur Reykjavíkurborg lagt áherslu á það að gera kjarasamninga við viðsemjendur sína um starfsmat.

Þau stéttarfélög sem hafa kjarasamninga um starfsmat eru:

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, Efling- stéttarfélag, Samiðn samband iðnfélaga, Verkstjórasamband Íslands, Rafiðnaðarsamband Íslands, Tæknifræðingafélag Íslands, Stéttarfélag verkfræðinga, Stéttarfélag sjúkraþjálfara, Iðjuþálfafélag Íslands, Proskapþjálfafélag Íslands, Stéttarfélag bókasafns/upplýsingafræðinga, Stéttarfélag íslenskra félgsráðgjafa, Sálfraðingafélag Íslands. Matvæla- og næringafræðingafélag Íslands,